



HVATARBLAÐIÐ

Árshátíð Kerhólsskóla

Loksins loksins eftir tveggja ára bið verður sýnd leiksýningin Dýrin í Hálsaskógi. Við hvetjum alla til að mæta á þessa frábæru sýningu.

18. nóvember 2021

Klukkan 14:00

Aðgangseyrir 1000 kr. fyrir 16 ára og eldri.

Allur ágóði rennur í ferðasjóð unglingadeildar.



FUNDARGERÐ.

512. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, 15. september 2021 kl. 09:00 - 10:45

Sveitarstjórn

Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Karl Þorkelsson í fjarveru Ingibjargar Harðardóttur
Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarna Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir

Oddviti leitar afbrigða.

Samþykkt samhljóða.

Ráðgjafasamningur vegna forhönnunar mannvirkis, gerð forvalsgagna og alútboðsgagna vegna fyrirhugaðrar stækkunar á íþróttamiðstöð að Borg í Grímsnesi.

Minnisblað – Opnun tilboða í verkið „Endurnýjun vatnslagnar frá Lækjarbakka að Þórsstíg“.

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 223. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 8. september 2021.

Mál nr. 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19 og 34 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 223. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 8. september 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 10: Efri-Markarbraut 8 L169794; Aðkomuvegur; Fyrirspurn - (2108086).

Lögð er fram fyrirspurn er varðar aðkomuveg að lóðinni Efri-Markarbraut 8 í samræmi við lýsingu í umsókn og meðfylgjandi uppdrátt.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framlagða fyrirspurn. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að umsókn um framkvæmdaleyfi vegna vegagerðar innan svæðisins hljóti afgreiðslu á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga er varðar framkvæmdaleyfi og verði grenndarkynnt með viðeigandi hætti. Sveitarstjórn mælist til þess að unnin verði óveruleg breyting á deiliskipulagi svæðisins sem geri grein fyrir breytingunni. Skipulagsfulltrúa falið að ljúka málinu í samráði við fyrirspyrjanda.

Mál nr. 11: Tjarnarlaut 18 L191238; Minnkun; Breytt skráning lóðar - (2108050).

Lögð er fram umsókn er varðar breytingu á stærð lóðar Tjarnalautar 18 L191238. Í breytingunni felst að stærð lóðarinnar breytist úr 7.500 fm í 7.320 fm. Lóðin er staðsett innan gildandi deiliskipulags við Nesjaskóg í landi Nesja.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við breytingu á stærð lóðar með fyrirvara um uppfærð gögn.

Mál nr. 12: Kringla II; Árvegur 23-45; Sameining lóða; Deiliskipulagsbreyting - (2108091).

Lögð er fram umsókn frá Jóni H. Bjarnasyni er varðar breytingu á deiliskipulagi sem snýr að sameiningu lóða við Árveg númer 23, 25, 27, 29, 31, 33, 35, 37, 39, 41, 43 og 45 í tvær lóðir sem yrðu númer 23 og 25.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að umsókn um sameiningu lóða verði synjað. Að mati sveitarstjórnar eiga lóðir innan frístundasvæða að jafnaði að vera á bilinu 0,5 - 1 ha. Sveitarstjórn telur jafnframt að framlögð sameining 12 lóða innan svæðisins í tvær tæplega 5 ha lóðir samræmist illa núverandi byggðarmynstri svæðisins.

Mál nr. 13: Litlabraut 2 (L190146); umsókn um byggingarleyfi; bílageymsla - (2108047).

Fyrir liggur umsókn Reynis Kristjánssonar fyrir hönd Helgu K. Hauksdóttur og Reynis Kristjánssonar, móttækin 17.08.2021, um byggingarleyfi til að byggja 39,9 m²

bílageymslu á sumarbústaðalandinu Litlabraut 2 L190146 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 14: Neðan-Sogsvegur 17 (L169419); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður mhl 03 - (2108095).

Fyrir liggur umsókn Sigurðar U. Sigurðssonar fyrir hönd Hrafnhildar H. Ragnarsdóttur og Péturs Gunnarssonar, móttækin 30.08.2021, um byggingarleyfi til að byggja 74,5 m² sumarbústað, mhl 03, á sumarbústaðalóðinni Neðan-Sogsvegur 17 L169419 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sumarbústaður sem er skráður sem mhl 01 skv. Þjóðskrá Íslands verður skráður sem gestahús á lóð.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins þar sem skilgreindur er byggingarreitur innan lóðarinnar en tekur ekki afstöðu til lóðarstærðar þar sem framlögð gögn og skráning lóðar hjá Þjóðskrá passa ekki saman. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin mælist jafnframt til þess að stefnt verði að heildarendurskoðun á deiliskipulagi svæðisins.

Mál nr. 15: Borgarhóll L168437; Yndisskógur; Bílastæði; Framkvæmdarleyfi - (2109004).

Lögð er fram umsókn frá Grímsnes- og Grafningshreppi er varðar umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir gerð bílastæðis við útivistarsvæði norðan við Borg í Grímsnesi. Aðkoma er í gegnum Borgarbraut og inn á athafnasvæði. Reiknað er með aðgengi björgunarbíla að svæðinu í gegnum vegtengingu. Svæðið grófjafnað og ekkert brottflutt efni, mosagróður nýttur í fláa við bílastæði og aðkomuveg (4 m breiður).

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar framkvæmdaleyfi og verði grenndarkynnt á grundvelli 44. gr. sömu laga.

Mál nr. 16: Villingavatn lóð L170965; Staðfesting á afmörkun lóðar - (2107065).

Lögð er fram að nýju umsókn Sveinbjarnar G. Haukssonar um staðfestingu á afmörkun lóðar, Villingavatn lóð L170965. Erindið var tekið fyrir á 221. fundi skipulagsnefndar þar sem ekki var gerð athugasemd við afmörkun lóðarinnar og var mælt til að sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að samþykkja erindið með fyrirvara um uppfært lóðablað og samþykki eigenda aðliggjandi lóða á hnitsettri afmörkun. Sveitarstjórn staðfesti afgreiðslu nefndarinnar þann 18.08.2021. Uppfært lóðablað hefur nú borist með samþykki allra viðeigandi aðila nema fyrir Villingavatn lóð L170957. Fyrir liggur útskýring umsækjanda í meðfylgjandi bréfi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ekki verði gerð athugasemd við afmörkun lóðarinnar þó svo að samþykki aðliggjandi lóðar Villingavatns lóð L170957 liggja ekki fyrir. Sveitarstjórn tekur ekki afstöðu til legu sameiginlegra marka lóða L170965 og L170957 að öðru leyti.

Mál nr. 17: Þórisstaðir land L220557; Landbúnaðarsvæði breytt í verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting - (2002001).

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Þórisstaða lands L220557. Í breytingunni felst breytt landnotkun landbúnaðarsvæðis í verslunar- og þjónustusvæði innan landeignarinnar. Innan svæðisins er ætlunin að rísi þyrping gistihúsa með tilheyrandi þjónustumannvirkjum. Sveitarstjórn hefur áður samþykkt málið til auglýsingar á fundi sínum þann 7. júlí 2021. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun við auglýsingu aðalskipulagsbreytingar er varðar atriði sem snúa að vernd landbúnaðarlands og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Að mati sveitarstjórnar telst framlögð breyting á aðalskipulagi ekki vera með þeim hætti að landsvæðið sem um ræðir sé stærra en þörf krefur eða að skilgreining svæðisins muni hafa veruleg óafturkræf áhrif á landbúnaðarland svæðisins. Innan svæðisins er gert ráð fyrir smáhýsum til útleigu. Að mati sveitarstjórnar mun slík starfsemi fremur styðja við landbúnaðarnotkun innan jarðarinnar auk þess sem eðli fyrirhugaðra framkvæmda sé

ekki með þeim hætti að óafturkræf skerðing á landbúnaðarlandi sé að ræða.

Að mati sveitarstjórnar hefur breytt landnotkun ekki áhrif á aðlæg landbúnaðarsvæði með óafturkræfum hætti. Sveitarstjórn mælist til þess að ofangreindur rökstuðningur verði færður til bókar innan breytingartillögunnar.

Sveitarstjórn samþykkir málið samhljóða til auglýsingar samkv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga. Skipulagsstofnun verði gerð grein fyrir rökstuðningi sveitarfélagsins vegna breytingar á aðalskipulagi.

Mál nr. 18: Torfastaðir 1 L170828; Breytt landnotkun; Frístundabyggð; Deiliskipulag - (2103061).

Lögð er fram tillaga deiliskipulags vegna frístundabyggðar í landi Torfastaða 1 L170828. Í deiliskipulaginu felst skilgreining frístundalóða á um 25 ha svæði innan jarðarinnar. Samhliða er unnið að breytingu aðalskipulags. Málinu var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 7.4.2021.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulagsbreytingar sem nú er í auglýsingu.

Mál nr. 19: Suðurbakki 6 L210850; Skilmálabreyting; Nýtingarhlutfall; Deiliskipulagsbreyting - (2109037).

Lögð er fram umsókn frá Pétri Hjaltsted og Sigurlaugu Margréti Guðmundsdóttur er varðar breytingu á skilmálum deiliskipulags frístundabyggðar í landi Ásgarðs. Í breytingunni felst að felld verði út hámarksstærð sumarhúsa að 150 fm innan svæðisins. Hámarksstærð húsa miðist við nýtingarhlutfall 0,03. Skilmálar deiliskipulagsins verði óbreyttir að öðru leyti.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða skilmálabreytingu deiliskipulagsins til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Málið verði kynnt sérstaklega fyrir sumarahúsafélagi svæðisins sé það til staðar en verði að öðrum kosti kynnt með einhverjum hætti þeim sumarahúsaeigendum sem innan svæðisins eru enda hafi breytingin umtalsferð áhrif á heimilað byggingarmagn innan deiliskipulagssvæðisins.

Mál nr. 34: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21-148.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. september 2021.

- b) **Fundargerð 8. fundar Oddvitanefndar uppsveita Árnessýslu, 6. september 2021.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) **Fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi, 31. ágúst 2021.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) **Fundargerð 87. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, 25. ágúst 2021.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) **Fundargerð 213. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 27. ágúst 2021.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) **Fundargerð 29. fundar stjórnar Bergrisans bs., 9. apríl 2021.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) **Fundargerð 30. fundar stjórnar Bergrisans bs., 7. júní 2021.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) **Fundargerð 31. fundar stjórnar Bergrisans bs., 15. júlí 2021.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) **Fundargerð 49. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 18. maí 2021.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) **Fundargerð 50. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 26. maí 2021.**
Mál nr. 3 og 5 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Lögð fram 50. fundargerð Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, dagsett 26. maí 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;
Mál nr. 3: Tillaga að reglum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings um félagslegt leiguhúsnæði ásamt greinargerð.

Nefndin samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti með þeim breytingum sem fram komu á fundinum og forstöðumanni falið að gera viðeigandi breytingar. Nefndin leggur til við sveitarstjórnirnar að þær samþykki reglurnar. Lagt er til að reglur um félagslegt leiguhúsnæði taki gildi frá og með 1. september 2021.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða reglurnar.

Mál nr. 5: Tillaga að reglum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings um stuðningsþjónustu við börn og fjölskyldur ásamt greinargerð.

Nefndin samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti með þeim breytingum sem fram komu á fundinum og forstöðumanni falið að gera viðeigandi breytingar. Nefndin leggur til við sveitarstjórnirnar að þær samþykki reglurnar. Lagt er til að reglur um stuðningsþjónustu við börn og fjölskyldur taki gildi frá og með 1. september 2021.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða reglurnar.

k) Fundargerð 900. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 27. ágúst 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Kjörskrá og kjörfundur.

Kjörskrá vegna kosninga til Alþingis er lögð fram og yfirfarin.

Á kjörskrá eru 365 aðilar, 199 karlar og 166 konur.

Sveitarstjórn felur oddvita/sveitarstjóra að árita kjörskrána.

Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna Alþingiskosninga 25. september n.k. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis. Kjörskráin mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins til 24. september n.k.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að kjörstaður vegna kosninga til Alþingis þann 25. september n.k. verði í stjórnarsýsluhúsinu á Borg í fundarsal sveitarstjórnar á 2. hæð. Einnig er samþykkt að bjóða upp á kaffiveitingar á meðan kjörfundi stendur.

3. Skipan fulltrúa í fjallskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggur að varamaður í fjallskilanevnd, Hannes Gísli Ingólfsson, hefur beðist lausnar frá störfum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tilnefna Brúney Bjarklind Kjartansdóttir sem varamann í hans stað.

4. Tilnefningar í Ungmennaráð Suðurlands.

Fyrir liggur bréf frá Guðlaugu Ósk Svansdóttur f.h. Ungmennaráðs Suðurlands, dags. 1. september 2021, þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið tilnefni einn aðalmann og einn varamann til setu í Ungmennaráði Suðurlands.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela heilsu- og tómstundafulltrúa að skila inn tilnefningum.

5. Bréf frá Björgvini Njáli Ingólfssyni vegna svars Grímsnes- og Grafningshrepps við erindi hans um árskort í íþróttamiðstöð og sundlaug.

Fyrir liggur bréf frá Björgvini Njáli Ingólfssyni, dagsett 2. september 2021, þar sem óskað er eftir svörum við spurningum sem snúa flestar að mismunandi gjaldskrá árskorta í íþróttamiðstöð og sundlaug sveitarfélagsins. Upphaflegt erindi barst sveitarfélaginu 26. júlí 2021 og var málið tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar þann 18. ágúst 2021, þar sem sveitarstjóra var falið að svara bréfinu í samráði við lögmann sveitarfélagsins, sem var svo gert með bréfi dagsettu 1. september 2021. Málsaðila þótti það svar ekki fullnægjandi og fer því fram á skýrari svör, ásamt því að leggja fram fleiri spurningar er snúa að rekstri sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna málið áfram í samráði við lögmann sveitarfélagsins, Óskar Sigurðsson hrl.

6. Bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga vegna Ársþings SASS og aðalfunda Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands.

Fyrir liggur bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, dagsett 31. ágúst 2021, þar sem greint er frá því hvar og hvenær Ársþing SASS verður haldið, en á ársþinginu verða haldnir aðalfundir SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands. Ársþingið verður haldið á Stracta

hótelinu á Hellu dagana 28. og 29. október n.k. Sveitarfélagið á tvo fulltrúa á þinginu, en öllum sveitarstjórnarmönnum er heimilt að sækja þingið.

Fulltrúar Grímsnes- og Grafningshrepps verða Ása Valdís Árnadóttir og Björn Kristinn Pálmarsson.

7. Bréf frá Samtökum ferðaþjónustunnar vegna gjaldtöku á ferðamannastöðum.

Fyrir liggur bréf frá Samtökum ferðaþjónustunnar, dagsett 30. ágúst 2021, þar sem farið er yfir áherslur samtakanna þegar kemur að gjaldtöku á ferðamannastöðum.

Bréfið lagt fram til kynningar.

8. Bréf frá Skipulagsstofnun vegna beiðnar um hækkun kostnaðarframlags vegna aðalskipulagsgerðar.

Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 3. september 2021, þar sem fram kemur að samþykkt hafi verið að hækka framlag til sveitarfélagsins úr Skipulagssjóði vegna vinnu við aðalskipulag um kr. 2.050.000, en framlagið leggst við þegar samþykkt framlag úr Skipulagssjóði sem verður þá samtals kr. 12.431.250.

Bréfið lagt fram til kynningar.

9. Bréf frá Karli Björnssyni, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, um innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

Fyrir liggur bréf frá Karli Björnssyni framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 30. ágúst 2021, þar sem tilkynnt er um bókun stjórnar sambandsins, en í henni eru sveitarfélög hvött til þess að hefja undirbúning innleiðingar laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

Bréfið lagt fram til kynningar.

10. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um breytingar á leiðbeiningum um ritun fundargerða og notkun fjarfundarbúnaðar.

Fyrir liggur bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dagsett 1. september 2021, þar sem kynnt eru drög að leiðbeiningum um ritun fundargerða og notkun

fjarfundarbúnaðar. Þá er sveitarfélagið hvatt til að huga að breytingum á samþykkt sinni telji það ástæðu til að heimila rafræna þátttöku nefndarmanna í fundum á vegum sveitarfélagsins.

Lagt fram til kynningar.

11. Í samráðsgátt – Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis.

Fyrir liggur að birt hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda aðgerð A.18 á byggðaaætlun sem ber heitið „Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis“.

Umsagnarfrestur er til 10. október 2021.

Lagt fram til kynningar.

12. Önnur mál.

a) Ráðgjafasamningur vegna forhönnunar mannvirkis, gerð forvalsgagna og alútbodsgagna vegna fyrirhugaðrar stækkunar á ípróttamiðstöð að Borg í Grímsnesi.

Fyrir liggja drög að ráðgjafasamningi vegna forhönnunar mannvirkis, gerð forvalsgagna og alútbodsgagna vegna fyrirhugaðrar stækkunar á ípróttamiðstöð að Borg í Grímsnesi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög og felur Ragnari Guðmundssyni að skrifa undir samninginn.

b) Minnisblað – Opnun tilboða í verkið „Endurnýjun vatnslagnar frá Lækjarbakka að Þórsstíg“.

Fyrir liggur minnisblað um opnun tilboða í verkið „Endurnýjun vatnslagnar frá Lækjarbakka að Þórsstíg“. Kostnaðaráætlun framkvæmdanna er 6.387.500 kr. og barst eitt tilboð í verkið sem klára skal í október 2021. Tilboðið var frá Ólafi Jónssyni að fjárhæð kr. 8.811.000 kr. og er það 38% yfir kostnaðaráætlun.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hafna tilboðinu og auglýsa aftur.



FUNDARGERÐ.

513. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 6. október 2021 kl. 8.00 – 10.30

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarna Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða.

Samþykkt samhljóða

Bréf frá 9. bekk Kerhólsskóla vegna kennslurýmis.

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 4. fundar stýrihóps um verkefnið Heilsueflandi samfélag, 14. september 2021. Mál nr. 7 og 8 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 4. fundargerð stýrihóps um verkefnið Heilsueflandi samfélag, dagsett 14. september 2021.

Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 7: Styrktarsjóður heilsueflandi verkefna.

Farið yfir reglur um styrki vegna heilsueflandi viðburða og stýrihópurinn leggur til að sveitarstjórn leggi 200.000.- kr. ár hvert í sjóð tengdan þessum verkefnum og að stýrihópur sjái svo um úthlutanir úr sjóðnum.

Sveitarstjórn vísar málinu inn í fjárhagsáætlunargerð.

Mál nr. 8: Styrkumsókn

Hjálparsveitin Tintron sendi inn styrkumsókn í ofangreindan sjóð og óskaði eftir 50.000.- kr. styrk til að halda viðburð sem felur í sér göngu með leiðsögn björgunarsveitarmanna upp með Úlfjótsvatni og svo verður í boði bátsferð eða bílferð með sveitinni til baka að útilífsmiðstöð og veitingar þar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.

- b) **Fundargerð 94. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 20. september 2021.**
Mál nr. 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.
 Lögð fram 94. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dagsett 20. september 2021. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar;
Mál nr. 3: Skólastefna sveitarfélagsins
 Fyrir liggur endurskoðuð skólastefna sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða skólastefnu og hrósar fræðslunefnd fyrir vel unna skólastefnu.
- c) **Fundargerð 16. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 21. janúar 2021.**
 Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) **Fundargerð 17. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 8. mars 2021.**
 Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) **Fundargerð 14. fundar veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 14. september 2021.**
 Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) **Fundargerð 22. fundar samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 27. september 2021.**
Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.
 Lögð fram 22. fundargerð samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dagsett 27. september 2021. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar;
Mál nr. 1: Úthlutun styrkja vegna veghalds í frístundabyggðum í Grímsnes- og Grafningshreppi
 Samkvæmt reglum sveitarfélagsins um styrki vegna veghalds í frístundabyggð voru teknar fyrir umsóknir félaga frístundabyggða og sumarhúsaeigenda þar sem óskað var eftir styrkjum vegna veghalds. Höfð var til hliðsjónar úthlutun síðustu ára, umfang framkvæmda og heildarfjöldi húsa.
 19 umsóknir bárust, 18 gildar og ein sem uppfyllti ekki skilyrði styrkúthlutunar.
 Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að eftirtaldir aðilar fái styrki til veghalds vegna tímabilsins 16. september 2020 – 15. september 2021, samtals að fjárhæð kr. 3.500.000.

Félag sumarbústaðaeigenda við 5. braut við Álftavatn	150.000 kr.
Félag lóðareigenda við Birkibraut í Vaðneslandi	150.000 kr.
Félag sumarhúsaeigenda við Ásgarðsbreiðu	150.000 kr.
Félag sumarhúsaeigenda Sólbrekku, Syðri-Brú	150.000 kr.
Furuborgir	150.000 kr.
Félag sumarhúsaeigenda í Kerhrauni E-svæði	150.000 kr.
Þratarungarnir	150.000 kr.
Félag sumarbústaðaeigenda við Selmýrarveg	150.000 kr.
Félag sumarhúsaeigenda við Villingavatn	200.000 kr.
Efri-Markarbraut og hliðargötur	200.000 kr.
Ásar, frístundabyggð í Búrfelli	200.000 kr.
Félag lóðareigenda í Miðborgum	200.000 kr.
Klausturhóll, félag sumarhúsaeigenda	200.000 kr.
Félag landeigenda við Mosabraut og Hrauntröð í Vaðnesi	200.000 kr.
Félag sumarbústaðaeigenda í Oddsholti	200.000 kr.
Hólaborgir, sumarhúsafélag	300.000 kr.
Félag sumarbústaðaeigenda í Norðurkotslandi og nágrenni	300.000 kr.
Öndverðarnes ehf	300.000 kr.

g) Fundargerð 224. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 22. september 2021.
Mál nr. 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15 og 19 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 224. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 22. september 2021. Eftirfarandi dagskrárlíðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 5: Krókur L170822; Gufuafsvirkjun á Folaldahálsi; Skilgreining iðnaðarsvæðis; Deiliskipulag - (2010071).

Lögð er fram tillaga deiliskipulags vegna Gufuafsvirkjunar á Folaldahálsi í landi Króks L170822 eftir kynningu. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir þremur borholum ásamt gufuskilju, gufuháf ásamt gufulögnum og öðrum búnaði gufuafsvirkjunar auk stöðvarhúss og kæliturna. Gert er ráð fyrir því að 11 kV jarðstrengur verði lagður um 7 km leið að bænum Króki. Raforkuframleiðsla er áætluð allt að 3,9 MW. Afgreiðslu málsins var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 3. mars 2021 þar sem beðið var niðurstöðu Skipulagsstofnunar er varðar mat á umhverfisáhrifum. Það mat liggur nú fyrir. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan breytingar á aðalskipulagi sem auglýst verður samhliða deiliskipulagi.

Mál nr. 6: Krókur L170822; Gufuafsvirkjun á Folaldahálsi; Skilgreining iðnaðarsvæðis; Aðalskipulagsbreyting - (2010070).

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna gufuafsvirkjunar á Folaldahálsi í landi Króks L170822 eftir kynningu. Í breytingunni felst skilgreining iðnaðarsvæðis á Folaldahálsi fyrir gufuafsvirkjun. Raforkuframleiðsla er áætluð allt að 3,9 MW sem nýtt verður fyrir sumarhúsabyggð og mögulega aðra starfsemi í landi Króks. Sveitarstjórn samþykkti breytinguna til auglýsingar á fundi sínum þann 18. ágúst sl. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun vegna auglýsingar. Athugasemdir lagðar fram ásamt uppfærðum skipulagsgögnum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps vegna Gufuafsvirkjunnar á Folaldahálsi í landi Króks í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og

að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar með viðeigandi hætti.

Mál nr. 7: Leynir L230589; Vegagerð; Framkvæmdarleyfi - (2109031).

Lögð er fram umsókn frá Viðhaldsfjelaginu er varðar vegagerð á landi Leynis. Í framkvæmdinni felst gerð vega innan svæðisins í takt við deiliskipulag svæðisins sem samþykkt var í sveitarstjórn til gildistöku þann 1.9.2021. Umsókn um framkvæmdarleyfi er synjað þar sem deiliskipulag svæðisins hefur ekki tekið gildi með birtingu auglýsingar í B-deild stjórnartíðinda.

Mál nr. 8: Hraunkot L168252;

Arnarnes-, Elliðaár-, Leir-, og Naustavogur, Rauða- og Straumsvík; Sameining lóða við upprunalandið - (2109034).

Lögð er fram umsókn Sigurðar Garðarssonar f.h. Sjómannadagsráðs, dags. 3. september 2021, um niðurfellingu lóða inn í upprunalandið, Hraunkot L168252. Um er að ræða 72 óbyggðar lóðir við Arnarnes-, Elliðaár-, Leir-, og Naustavog og Rauða- og Straumsvík. Lóðirnar eru innan svæðis A í deiliskipulagi fyrir Hraunkot og óskað er eftir því að þær verði felldar niður þar til búið er að gera götur og sótt verði um stofnun þeirra aftur þegar þar að kemur.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða niðurfellingu viðkomandi lóða.

Mál nr. 9: Minni-Bær land L169227; Frístundahúsalóð; Deiliskipulag - (2109052).

Lögð er fram umsókn frá Gluggasmiðjunni ehf. er varðar nýtt deiliskipulag í landi Minni-Bæjar lands L169227. Í deiliskipulaginu felst skilgreining lóðar og byggingarreits fyrir sumarhús.

Sveitarstjórn fer fram á að annarsvegur verði leitað umsagnar frá umsjónarmanni aðveitna í sveitarfélaginu m.t.t. tengingar við vatnsveitu og hinsvegur að staðföng verði endurskoðuð. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi deiliskipulag með fyrirvara um endurskoðuð staðföng og jákvæða umsögn umsjónarmanns aðveitna. Deiliskipulagið verður þá auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 10: Skagamýri L218056; Skipting lóða 2, 4 og 12; Deiliskipulagsbreyting - (2109051).

Lögð er fram umsókn frá Pálmari K Sigurjónssyni ehf. er varðar deiliskipulagsbreytingu á lóð Skagamýri L218056. Í breytingunni felst skipting lóðar 2 í lóðir 2, 2a og 2b, lóðar 4 í lóðir 4, 4a, 4b og 4c og lóðar 12 í lóðir 12 og 12a. Samkvæmt deiliskipulagi er svæðið skilgreint sem blandað íbúða- og landbúnaðarsvæði.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða deiliskipulagsbreytingu en mælist til þess að staðföng verði endurskoðuð innan deiliskipulagsins.

Björn Kristinn Pálmarrson vék sæti við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 11: Freyjustígur 5 L202490; Breyting á deiliskipulagi; Fyrirspurn - (2109058).

Lögð er fram fyrirspurn frá Guðrúnu Pétursdóttur lóðarhafa lóðar Freyjustígs 5 og 7 er varðar breytingu á deiliskipulagi í samræmi við framlagða umsókn.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlagða fyrirspurn og beinir því til fyrirspyrjanda að unnin verði breyting á deiliskipulagi svæðisins sem gerir grein fyrir umsóttu breytingu.

Mál nr. 12: Tjarnholtsmýri 3A (L203193); fyrirspurn; véla- og tækjageymsla - (2109054).

Lögð er fram fyrirspurn frá Þorgeiri Þorgeirssyni fyrir hönd Bryndísar Ævarsdóttur, móttækin 10.09.2021 er varðar leyfi til að byggja 117,8 m² véla- og tækjageymslu á Tjarnarholtsmýri 3A L203193 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulag verði unnið fyrir svæðið sem taki til heimilda vegna uppbyggingar innan þess samhliða endurskoðun aðalskipulags.

Mál nr. 13: Borg í Grímsnesi ; Óveruleg breyting á deiliskipulagi ; Minni-Borg og Gamla-Borg - (2109069).

Lögð er fram umsókn frá Grímsnes- og Grafningshreppi er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi að Borg í Grímsnesi. Í breytingunni felst breytt skilgreining á legu lóða í kringum Minni-Borg, Gömlu-Borg og Minni-Borg lóð auk þess sem skilgreind er lega nýrrar lóða umhverfis bensíndælur innan lóðar Minni-Borgar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem málið hefur verið unnið með aðkomu viðkomandi lóðarhafa er ekki talin þörf á grenndarkynningu vegna málsins.

Mál nr. 14: Neðan-Sogsvegur 4 L169505; Norðurkot; Minnkun á byggingareit; Deiliskipulagsbreyting - (2011076).

Lögð er fram breyting á deiliskipulagi sem tekur til Neðan-Sogsvegur 4 eftir grenndarkynningu. Í breytingunni felst minnkun byggingarreitar á lóð Neðan-Sogsvegur 4 í takt við athugasemdir sem gerðar voru við deiliskipulagsbreytingu innan svæðisins þar sem skilgreind voru lóðarmörk og byggingarreitir. Athugasemdir bárust við grenndarkynningu málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess. Lögð er fram samantekt málsins frá skipulagsfulltrúa sem lögð var fram vegna úrskurðar á gildistöku viðkomandi breytingar. Fyrri breyting var felld úr gildi þar sem úrskurðarnefnd taldi að ekki hefði verið rétt staðið að grenndarkynningu málsins.

Sveitarstjórn telur að framlögð breyting taki til athugasemda lóðarhafa aðliggjandi lóðar 4A, sem snýr að afmörkun byggingarreits lóðar 4 þar sem hann nær á milli lóða 4A og 4B, og sé eðlileg í því ljósi að fyrir fyrrgreinda breytingu á deiliskipulagi svæðisins, þar sem legu lóða á svæðinu var breytt og skilgreindur var byggingarreitur á viðkomandi svæði, hafi ekki áður verið skilgreindur byggingarreitur á lóð 4. Í ljósi fyrrnefndrar athugasemdar við breytingu eftir að hún tók gildi taldi sveitarstjórn eðlilegt að verða við athugasemdum lóðarhafa 4A enda hefði fyrrgreind breyting átt að falla alfarið úr gildi vegna rangrar málsmeðferðar þar sem fyrirfórst að grenndarkynna málið lóðarhafa 4A í samræmi við niðurstöðu úrskurðarnefndar í máli þessu. Í samræmi við ofangreint telur sveitarstjórn eðlilegt að byggingarreitur lóðar 4 verði minnkaður í takt við framlagðan uppdrátt. Lóðarhafar Neðan-Sogsvegur 4 telja engar líkur á skuggavarpi eða minnkuðu friðhelgi þar sem meirihluti umrædds svæðis sé neðar í landinu og hafi því ekki áhrif á aðliggjandi lóð 4A. Sveitarstjórn fellst á að hluti reitsins liggja neðar og hafi því ekki bein grenndaráhrif á það svæði en að mati sveitarstjórnar eru röksemdir og

athugasemdir lóðarhafa 4A þó með þeim hætti að ástæða sé til að bregðast við þeim enda liggur hluti þess svæðis sem um ræði hærra í landinu og geti því framkvæmdir innan þess sannarlega haft grenndaráhrif á lóðarhafa aðliggjandi lóðar með beinum og/eða óbeinum hætti.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við gildistöku deiliskipulagbreytingar eftir grenndarkynningu.

Mál nr. 15: Neðra-Apavatn L168269; Lækjarbyggð 8A (viðbótarlóð); Stofnun lóðar - (2109073).

Lögð er fram umsókn eigenda jarðarinnar Neðra-Apavatns L168269 um stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna 2.812 fm lóð úr jörðinni sem fyrirhugað er að verði viðbót við land eiganda Lækjarbyggðar 8 L169303.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða erindið.

Mál nr. 19: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21-149.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. september 2021.

h) Fundargerð 88. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, 8. september 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 89. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, 22. september 2021.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 89. fundargerð stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, dagsett 22. september 2021. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Breytingar á samþykktum UTU bs.

Lagðar fram til fyrri umræðu breytingar á samþykktum UTU. Sveitarstjórn vísar umræðunni til seinni umræðu.

j) Fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi, 13. september 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð 304. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 24. ágúst 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

l) Fundargerð 305. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 21. september 2021.

Mál nr. 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 305. fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, dagsett 21. september 2021. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar;

Mál nr. 3: Drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2031.

Drög að svæðisáætlun lögð fram til umræðu. Stjórn SOS hvetur sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila til þess að rýna drögin vel og koma á framfæri athugasemdum ef þurfa þykir.

Oddvita falið að taka saman athugasemdir við svæðisáætlunina.

m) Fundargerð 2. fundar um sameiginlega vatnsveitu frá Kaldárhöfða, 7. september 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

n) Fundargerð fundar um endurskoðun fjallskilasamþykktar fyrir Árnessýslu austan vatna, 9. september 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

o) Fundargerð 572. fundar stjórnar SASS, 3. september 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

p) Fundargerð 16. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 12. maí 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

q) Fundargerð 17. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 17. maí 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

r) Fundargerð 18. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 6. júní 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

s) Fundargerð 19. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 23. september 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

t) Fundargerð 1. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands, 7. júní 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- u) **Fundargerð 2. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands, 14. júní 2021.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
 - v) **Fundargerð aðalfundar Markaðsstofu Suðurlands, 12. maí 2021.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
 - w) **Fundargerð 200. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga, 1. október 2021.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
 - x) **Fundargerð 901. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 24. september 2021.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
2. **Staða fjárhagsáætlunar 2021.**
Farið yfir stöðu bókhalds og borið saman við fjárhagsáætlun ársins 2021 eftir fyrstu 8 mánuði ársins.
 3. **Minnisblað – Opnun tilboða í verkið „Endurnýjun vatnslagnar frá Lækjarbakka að Þórsstíg“.**
Fyrir liggur minnisblað um opnun tilboða í verkið „Endurnýjun vatnslagnar frá Lækjarbakka að Þórsstíg“. Kostnaðaráætlun framkvæmdanna er 6.387.500 kr. og barst eitt tilboð í verkið sem klára skal í nóvember 2021. Tilboðið var frá Ólafi Jónssyni að fjárhæð kr. 8.047.600 kr. og er það 18% yfir kostnaðaráætlun. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka tilboðinu.
 4. **Umhverfismat á tillögu að nýrri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032.**
Fyrir liggur bréf frá Teiti Gunnarssyni f.h. verkefnisstjórnar um sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi, dags. 17. september 2021, þar sem óskað er eftir umsögn vegna umhverfismats á tillögunni. Lagt fram til kynningar.
 5. **Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2021.**
Kynnt er að fjármálaráðstefna sveitarfélaganna verður haldin á Hilton Nordica hótelinu í Reykjavík 7. og 8. október n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fimm fulltrúar úr sveitarstjórn eigi kost á að fara á ráðstefnuna.

6. **Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2021.**
Fyrir liggur að ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði haldinn í dag, 6. október. Lagt fram til kynningar.
7. **Tilkynning til hluthafa um eigendaskipti að hlutum í Límtré-Vírnet ehf.**
Fyrir liggur bréf frá Límtré Vírnet ehf., dagsett 16. september 2021, þar sem tilkynnt er um kaup Stefáns Árna Einarssonar á um 0,37% alls hlutafjár félagsins. Af þessu tilefni er sveitarfélaginu kynnt að það eigi forkaupsrétt að áður nefndum hlutum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að forkaupsréttur Grímsnes - og Grafningshrepps verði ekki nýttur.
8. **Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga 2021.**
Fyrir liggur bréf frá Katrínu B. Ríkharðsdóttur, framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu, dagsett 17. september 2021 þar sem boðað er til rafræns landsfundar um jafnréttismál sveitarfélaga fimmtudaginn 14. október 2021. Meðal umfjöllunarefna verða jafnlaunamál sveitarfélaga og málefni sem varða skóla- og frístundastarf. Bréfið lagt fram til kynningar.
9. **Beiðni um styrk frá Rangárbökkum ehf. vegna fyrirhugaðs Landsmóts hestamanna 2022.**
Fyrir liggur bréf frá stjórn Rangárbakka ehf, dagsett 22. september 2021, þar sem óskað er eftir 500.000 kr. styrk frá sveitarfélaginu vegna fyrirhugaðs Landsmóts hestamanna sem haldið verður á Rangárbökkum við Hellu dagana 4. – 10. júlí 2022. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hafna erindinu.
10. **Bréf frá Karli Björnssyni, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, um innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í íslenskum sveitarfélögum, stuðningsverkefni frá hausti 2021 til vors 2022.**
Fyrir liggur bréf frá Karli Björnssyni framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 17. september 2021, þar sem kynnt er að sambandið hafi fengið styrk úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að styðja við innleiðingu heimsmarkmiðanna í sveitarfélögum á grundvelli verkfærakistu um heimsmarkmiðin fyrir sveitarfélög sem kom út í maí 2021. Unnið verður með sveitarfélögum í veimur hópum eftir því hvar þau eru stödd gagnvart markmiðunum. Þau sem eru komin nokkuð áleiðis í vinnu að innleiðingu

markmiðanna munu fá fræðslu og stuðning ráðgjafa til að setja sér fullmótaða aðgerðaráætlun. Hinn hópurinn mun fá fræðslu og stuðning ráðgjafa til að móta grunn fyrir áframhaldandi innleiðingu eftir sveitarstjórnarkosningar næsta vor. Hvert sveitarfélag þarf að tilefna tvo fulltrúa, annars vegar kjörinn fulltrúa og hins vegar starfsmann til að bera ábyrgð á innleiðingavinnunni innan sveitarfélags og taka þátt í 1-2 vinnustofum, auk stöðu- og lokafunda. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tilnefna Guðrúnu Ásu Kristleifsdóttur heilsu- og tómstundafulltrúa og Björn Kristinn Pálmarsson varaoddvita í verkefnið.

11. Húsnæðissjálfsagnarstofnun á landsbyggðinni.

Fyrir liggur bréf frá Karli Björnssyni framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 20. september 2021, þar sem kynnt er hugmynd Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni sem felur í sér að setja á fót húsnæðissjálfsagnarstofnun er starfi á landsbyggðinni. Óskað er eftir því að sveitarstjórnir á landsbyggðinni taki afstöðu til hugmyndarinnar og upplýsi sambandið um hana fyrir lok október.

Sveitarstjórn tekur samhljóða jákvætt í hugmynd um að setja á fót húsnæðissjálfsagnarstofnun á landsbyggðinni.

12. Önnur mál.

a) Bréf frá 9. bekk Kerhólsskóla vegna kennslurýmis.

Fyrir liggur bréf 9. bekk Kerhólsskóla vegna kennslurýmis. Sveitarstjórn vísar málinu til afgreiðslu starfshóps um aðbúnað, skólahús og skólalóð sem stofnaður var vorið 2021.

Jólafundur

Kvenfélags
Grímsneshrepps
verður haldinn
30. nóv.
Nánar auglýst á
fésbókarsíðu.



FUNDARGERÐ.

514. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 20. október 2021 kl. 12.30–15.50

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarna Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerðir.

- a) Fundargerð 19. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 4. október 2021.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) Fundargerð 40. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 17. júní 2021.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) Fundargerð 41. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 17. júní 2021.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) Fundargerð 42. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 16. september 2021.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) Fundargerð 43. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 11. október 2021.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 17. fundar húsnefndar Félagsheimilisins Borgar, 1. október 2021.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 17. fundargerð húsnefndar Félagsheimilisins Borgar, dagsett 1. október 2021. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Rennihurð fyrir kaffistofu.

Fyrir liggur tilboð í nýja rennihurð fyrir kaffistofu félagsheimilisins. Margar gerðir og litir eru í boði og leggur húsnefndin til að hurðin verði án allra glugga og í hvítum lit, t.d. litur nr. 017 í litaprufum. Samhliða var litur á veggjum salarins ræddur og lagt til að panillinn verði hvíttaður á komandi árum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka tilboðinu og panta hurð í þeim lit sem húsnefnd leggur til.

g) Fundargerð 225. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 13. október 2021.

Mál nr. 15, 16, 17, 18, 19, 20 og 24 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 225. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 13. október 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 15: Öndverðarnes 2 lóð L170103; Staðfesting á afmörkun lóðar - (2109078).

Lögð er fram umsókn Snorra M. Egilssonar, dags. 20. september 2021, þar sem óskað er eftir samþykki á afmörkun lóðarinnar Öndverðarnes 2 lóð L170103 skv. meðfylgjandi uppdraetti. Lóðamörkin byggja á þinglýstum skjölum, girðingum og merkjum sem eru í kringum lóðina. Fyrir liggur samþykki eigenda aðliggjandi lóðarhafa. Lóðin er skráð 12.500 fm og mælist 12.589 fm skv. hnitsetningu sem ekki hefur legið fyrir áður.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða erindið með fyrirvara um lagfærð gögn.

Mál nr. 16: Eyvík 3 L231154; Eyvík II L168241; Stækkun lóðar - (2110003).

Lögð er fram umsókn Sigurðar U. Sigurðssonar f.h. landeigenda um stækkun lóðar. Óskað er eftir að lóðin Eyvík 3 L231154 stækki úr 5.688 fm í 6.628 fm skv. lóðablaði. Stækkunin kemur úr landi Eyvíkur II L168241 og kemur til vegna fyrirhugaðrar færslu á staðsetningu

íbúðarhúss upp á brekkubrún sem er frávik frá því sem áður liggur fyrir samþykkt. Fyrir liggur samþykki eigenda upprunals sem og eigenda aðliggjandi landeigna á breyttri afmörkun sem og nýrri staðsetningu íbúðarhússins. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stækkun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða erindið.

Smári Bergmann Kolbeinsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 17: Öndverðarnes 2 lóð (L170129); Umsókn um leyfi fyrir garðskála - (2109101).

Fyrir liggur umsókn Magnúsar Sveinssonar og Katrínar S. Sigurbjörnsdóttur, móttækin 27.09.2021, um leyfi til að byggja 24,5 m² garðskála við sumarbústað á sumarbústaðalandinu Öndverðarnes 2 lóð L170129 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð sumarbústaðar eftir stækkun verður 71,4 m². Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 18: Sogsbakki 7 (L202465); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður og gestahús-geymsla - (2109102).

Fyrir liggur umsókn Jóns Þ. Þorvaldssonar fyrir hönd F7172, móttækin 30.09.2021, um byggingarleyfi til að byggja 137,9 m² sumarbústað og 25 m² gestahús/geymslu á sumarbústaðalandinu Sogsbakki 7 L202465 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Húsið er innan deiliskipulags en utan heimilda er varðar þakhalla innan svæðisins. Lögð er fram samantekt vegna þakhalla húsa innan svæðisins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu byggingarleyfis á grundvelli heimilda 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Umsótt byggingaráform eru í takt við deiliskipulag svæðisins að öðru leyti og minnkaður þakhalli mun frekar leiða til minni grenndaráhrifa vegna byggingaframkvæmda. Sveitarstjórn mælist þó til þess að unnin verði óveruleg breyting á

deiliskipulagi samhlíða útgáfu byggingarleyfis þar sem heimildir vegna þakhalla innan svæðisins verði uppfærðar í takt við byggðarmynstur innan þess.

Mál nr. 19: Bjarnastaðir I L189338; Básar L168231; Bjarnastaðir lóð (Heiðarbrún 12) L190658; Heiðarbrún 10 L200051; Stækkun lands og breytt skráning lóða - (2110014).

Lögð er fram umsókn Ólafs Einarssonar um stofnun 22 ha lands úr jörðinni Bjarnastaðir I L189338 í þeim tilgangi að sameina við landið Bása L168231 sem verður 24 ha eftir sameiningu. Stærð Bjarnastaða I verður 82 ha eftir stofnun og er hluti ástæðunnar sú að samtímis er verið að leiðrétta hnitsetta skörun jarðarinnar við Stangarlæk 2 L208879. Samhlíða er óskað eftir staðfestingu á afmörkun og breyttri stærð lóðarinnar Bjarnastaðir lóð L190658 sem er skráð 6.000 fm í fasteignaskrá en mælist 6.017,1 fm ásamt því að breyta staðfangi lóðarinnar í Heiðarbrún 12. Jafnframt er óskað eftir staðfestingu á breyttri afmörkun og stærð lóðarinnar Heiðarbrún 10 sem er aðliggjandi lóð. Með breytingunni á afmörkun lóðarinnar er verið að horfa til legu vegar, girðinga og aðliggjandi landspilda. Lóðin er skráð 5,4 ha en verður 5,1 ha eftir breytingu. Fyrir liggur umsókn eiganda lóðar 10 um breytingu á skráningunni.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lands og breytta skráningu viðkomandi lóða skv. fyrirbyggjandi umsókn og samþykkir samhljóða erindið. Þar sem fyrir liggur umsókn um breytingu á staðfangi Heiðarbrúnar 10 í fyrirhugaðri skipulagsbreytingu leggur sveitarstjórn til að staðfang lóðar L190658 verði endurskoðað í kjölfar skipulagsbreytingarinnar.

Mál nr. 20: Syðri-Brú; Lyngbrekka 6 L207390 og 8 L207035; Breyting byggingarreita og lóðamarka; Deiliskipulagsbreyting - (2110019).

Lögð er fram umsókn frá Herði Karlssyni er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi Syðri-Brú. Í breytingunni felst breyting á lóðarmörkum milli lóðar Lyngbrekku 6 og 8. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en hlutaðeigandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 24: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21-150.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. október 2021.

h) Fundargerð 51. fundar Skólabjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 28. september 2021.

Mál nr. 8 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 51. fundargerð Skólabjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, dagsett 28. september 2021. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar;

Mál nr. 8: Tillaga um hækkun á tekju- og eignaviðmiðum sérstaks húsnæðisstuðnings.

Fyrir liggur tillaga um hækkun á tekju- og eignaviðmiðum vegna sérstaks húsnæðisstuðnings í samræmi við viðmiðunarfjárhæðir í leiðbeiningum félags- og barnamálaráðherra til sveitarfélaga.

Breytingin tekur gildi frá og með 1. nóvember 2021 og verður endurskoðuð að nýju í upphafi árs 2022. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillöguna fyrir sitt leyti.

i) Fundargerð fundar stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga, 6. október 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j) Fundargerð 214. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 1. október 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð 22. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga, 29. september 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

l) Fundargerð 14. fundar bygginganefndar Búðarstígs 22, 29. september 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

m) Fundargerð aðalfundar Leikfélagsins Borg, 9. júní 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Reglur um úthlutun lóða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggja drög að reglum um úthlutun lóða í þéttbýli í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða reglurnar.

- 3. Samþykktir Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita – seinni umræða.**
Lagðar eru fram til seinni umræðu breytingar á samþykktum UTU.
Eftir síðari umræðu um breytingar á samþykktum UTU er niðurstaðan eftirfarandi:
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðauka 1 um valdheimildir byggingarfulltrúa til fullnaðarafgreiðslu mála.
Sveitarstjórn hafnar samhljóða framsali valdheimilda til skipulagsfulltrúa og skipulagsnefndar samanber viðauka 2 og 3. Í ljósi umræðunnar hafnar sveitarstjórn samhljóða samþykktunum í núverandi mynd.
- 4. Minnisblað – Lagfæring á hreinsistöð á Borg.**
Fyrir liggur minnisblað frá Ragnari Guðmundssyni umsjónarmanni veitna, dags. 9. september 2021, þar sem farið er yfir athugasemdir sem bárust frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands vegna hreinsistöðvar á Borg. Jafnframt er farið yfir tilboð sem borist hafa í lagfæringar á stöðinni.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að farið verði í lagfæringarnar.
- 5. Starfsmannamál.**
Fyrir liggur að sveitarstjóri sveitarfélagsins hefur óskað eftir að taka út uppsafnað orlof frá miðjum febrúar og út ráðningarsamninginn sem er í lok kjörtímabils 2022.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi beiðni sveitarstjóra.
Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að oddviti verði í 100% starfshlutfalli frá og með morgundeginum, 21. október 2021 og út kjörtímabilið 2022.
- 6. Fulltrúi í Skipulagsnefnd Uppsveita.**
Fyrir liggur að Ása Valdís Árnadóttir, aðalfulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps í skipulagsnefnd Uppsveita, hefur beiðist lausnar frá störfum.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Björn Kristinn Pálmarsson verði aðalfulltrúi í nefndinni í hennar stað og að Smári Bergmann Kolbeinsson verði varafulltrúi.
- 7. Námuúttekt í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Fyrir liggja tilboð frá verkfræðistofunum Mannvit, Verkís og Eflu í kortlagningu á námum í sveitarfélaginu.
Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur oddvita að vinna málið áfram.

- 8. Íbúafundur.**
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að halda íbúafund í Félagsheimilinu Borg þann 17. nóvember n.k.
Oddvita falið að boða til fundarins og auglýsa hann.
- 9. Umsókn um rekstrarstyrk fyrir árið 2022 frá Kvennaathvarfinu.**
Fyrir liggur bréf frá Brynhildi Jónsdóttur f.h. Samtaka um kvennaathvarf, dagsett 6. október 2021 þar sem óskað er eftir styrk til reksturs samtakanna árið 2022 að fjárhæð kr. 100.000.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hafna erindinu.
- 10. Ársskýrsla og ársreikningur Leikfélagsins Borg.**
Fyrir liggur ársskýrsla og ársreikningur Leikfélagsins Borg fyrir árið 2020.
Lagt fram til kynningar.
- 11. Ársskýrsla og ársreikningur Skógræktarfélags Grímsnesinga.**
Fyrir liggur ársskýrsla og ársreikningur Skógræktarfélags Grímsnesinga fyrir árið 2020.
Lagt fram til kynningar.
- 12. Ársskýrsla og ársreikningur Ungmennafélagsins Hvatar.**
Fyrir liggur ársskýrsla og ársreikningur Ungmennafélagsins Hvatar fyrir árið 2020.
Lagt fram til kynningar.
- 13. Bréf frá Karli Björnssyni, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, um viðmiðunarlaunatöflu fyrir fulltrúa í sveitarstjórnnum.**
Fyrir liggur bréf frá Karli Björnssyni framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 14. október 2021, þar sem kynnt er viðmiðunarlaunatafla fyrir fulltrúa í sveitarstjórnnum.
Bréfið lagt fram til kynningar.
- 14. Bréf frá Karli Björnssyni, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, um þátttöku og framlög til samstarfs um stafræna umbreytingu sveitarfélaga.**
Fyrir liggur bréf ásamt fylgiskjöllum frá Karli Björnssyni framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 7. október 2021, þar sem farið er yfir framlög til sveitarfélaga vegna stafrænnar umbreytingar sveitarfélaga.
Jafnframt er óskað eftir þátttöku sveitarfélaganna í

verkefnum ársins 2022 og biðlað til þeirra að gera ráð fyrir framlögum vegna þeirra og grunnframlags í fjárhagsáætlun ársins 2022.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt bæði í verkefnum og grunnframlagi um stafræna umbreytingu sveitarfélaga.

15. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um breytingu á reglugerð 1212/2015 vegna reikningsskila sveitarfélaga.

Fyrir liggur bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 11. október 2021, þar sem kynntar eru breytingar á 3. mgr. 20. gr. reglugerðar 1212/2015 vegna reikningsskila sveitarfélaga. Með breyttum ákvæðum 20. gr. er nú gert skylt að færa inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags vegna byggðarsamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annara félagaforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags. Bréfið lagt fram til kynningar.

16. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Fyrir liggur bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 6. október 2021, þar sem kynnt eru drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Drögin hafa verið birt í Samráðsgátt stjórnvalda og er opið fyrir umsagnir þar til í lok dags 20. október 2021. Bréfið lagt fram til kynningar.

17. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu vegna nýrra leiðbeininga og fyrirmyndar að samþykkt um stjórn sveitarfélaga.

Fyrir liggur bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 4. október 2021, þar sem nýjar leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna og leiðbeiningar um þátttöku nefndarmanna á fundum sveitarfélaga með rafrænum hætti. Samhliða nýjum leiðbeiningum hefur ráðuneytið, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, uppfært fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga sem ráðuneytinu ber að gefa út sbr. 2. mgr. 9. gr. sveitarstjórnarlaga. Lagt fram til kynningar.

18. Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga 2021.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Katrínu Björgu Ríkhardsdóttur framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu, dags. 8. október 2021, þar sem minnt er á árlegan fund um jafnréttismál sveitarfélaga

sem haldinn verður fimmtudaginn 14. október í streymi. Jafnframt er dagskrá fundarins kynnt. Lagt fram til kynningar.

19. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 184/2021, „Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu“.

Fyrir liggur að Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 184/2021, „Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu“. Lagt fram til kynningar.

20. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 189/2021, „Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga“.

Fyrir liggur að Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 189/2021, „Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga“. Lagt fram til kynningar.

21. Kynning frá Heilsu- og tómstundafulltrúa.

Á fundinn mætti Guðrún Ása Kristleifsdóttir, Heilsu- og tómstundafulltrúi sveitarfélagsins, og hélt kynningu á starfinu.



Jólabingó

Kvenfélags Grimsneshrepps

Verður í Félagsheimilinu Borg.

21. nóv. kl. 14. Veitingar og
bingóspjald kr. 1500.

aukaspjald kr. 500.





Íbúafundur

Sveitarstjórn boðar hér með til íbúafundar. Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 17. nóvember í Félagsheimilinu Borg. Húsið opnar klukkan 19:30 og áætlað er að fundinum ljúki klukkan 21:30.

Fundardagskrá er eftirfarandi:

- Íslenska Gámafélagið
Kynning frá Íslenska Gámafélaginu en fyrirtækið tók nýlega yfir sorphirðu sveitarfélagsins.
- Grenndarstöðvar Grímsnes- og Grafningshrepps
Kynning á grenndarstöðvaverkefninu sem er í gangi í sveitarfélaginu frá Steinari Sigurjónssyni umsjónarmanni umhverfismála.
- Samfélagsstefna Grímsnes- og Grafningshrepps
Kynning á vinnu í kringum samfélagsstefnu Grímsnes- og Grafningshrepps frá Guðrúnu Ásu Kristleifsdóttur heilsu- og tómstundafulltrúa.
- Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps
Kynning á bókasafni Grímsnes- og Grafningshrepps frá Rögnu Björnsdóttur umsjónarmanni bókasafnsins.

Hægt verður að fylgjast með fundinum á Facebook síðu sveitarfélagsins;
www.facebook.com/grimsnesoggrafningshreppur

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps

Gott er að taka
glósubók og
penna með ☺

ALLT UM MELTINGUNA

Það besta úr austrænum og vestrænum vísindum

Ekkert er mikilvægara en góð melting og upptaka næringarefna til að viðhalda góðri heilsu. Um það eru bæði vestræn næringarþerapía og austurlensku vísindin, Ayurveda, sammála. Ef við meltum ekki vel erum við orkulaus og náum ekki járnri, B12 og öðrum efnum úr fæðunni.

Fyrirlestur í Félagsheimilinu að Borg

Fimmtudaginn 11. nóvember kl 19-21.

Aðgangseyrir: 1000 kr.



Fyrirlesari:

Heiða Björk Sturludóttir, www.heidabjork.com
Næringarþerapisti (3 ára nám, DipNNT)
Ayurvedaráðgjafi (Indversk heilsuvísindi)
Umhverfisfræðingur - MA

Ert þú með meltingarvandamál?

Hvað hægir á meltingunni? Hvernig má örva meltinguna? Ráð verða gefin við brjóstsvíða, fæðuþölli, bakfæði, lörólgu, uppþembu, harðlífi o.fl. Fjallað um það hvernig sum eiturféni í umhverfi og aukaféni í matvælu geta skaðað meltingu. Umræðan mun stýrast að nokkru leyti af þörfum þátttakenda.

LANDSÁTAK Í SUNDI 1.- 28. NÓVEMBER



Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands í samstarfi við Sundsamband Íslands stendur fyrir landsátaki í sundi frá 1. - 28. nóvember 2021. Syndum er heilsu- og hvatningarátak sem höfðar til allra landsmanna. Sund er fyrir alla óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sund er tilvalin þjálfunaraðferð þar sem sund styrkir hjarta- og æðakerfið, lungu og vöðva líkamans. Sund er frábær hreyfing bæði til þess að hlúa að heilsunni og sem skemmtileg tómstundaiðja. Þetta átak er framhald af Íþróttaviku Evrópu sem tókst einkar vel í ár.

Markmiðið með Syndum er að hvetja almenning til þess að hreyfa sig oft og meira í sínu daglega lífi og nota meðal annars sund til þess. Munum eftir því hvað sund er frábært!

Til þess að taka þátt þarf að skrá sig inn með því að fara í Mínar skráningar. Einfalt er að velja sér notendanafn og lykilorð og byrja svo að skrá sínar sundvegalengdir. Þeir sem eiga notendanafn í Lífshlaupinu eða Hjólað í vinnuna geta notað það til að skrá sig inn. Einnig er hægt að skrá vegalengdir í afgreiðslu sundlaugarinnar á Borg.

Syndum saman hringinn í kringum Ísland. Þeir metrar sem þú syndir safnast saman og á forsíðunni hér:

Syndum.is | [Landsátak í sundi 1. - 28. nóvember](#) verður hægt að sjá hversu marga hringi landsmenn hafa synt saman.

Þeir sem skrá sig og taka þátt geta átt von á að verða dregnir út og vinna veglega vinninga.



Fréttir af sameiningarvinnu hestamannafélaga í uppsveitum

Í sumar voru haldnir aðalfundir hestamannafélaganna Loga, Smára og Trausta þar sem samþykkt var að sameina skildi hestamannafélögin í eitt félag. Þann 1. júlí síðastliðinn hittust stjórnir félaganna þriggja á Geysi þar sem að stofnfundur félagsins var haldinn. Félögin tilnefndu sjö manna starfsstjórn sem skal sitja fram að fyrsta aðalfundi sem fram á að fara í janúar 2022.

Í starfsstjórn sitja:

Birgir Leó Ólafsson, Stangarlæk

Bragi Viðar Gunnarsson, Túnsbergi

Guðrún S. Magnúsdóttir, Bræðratungu

Ólafur Gunnarsson, Helgastöðum

Ragnheiður Eggertsdóttir, Borg

Ragnhildur Stefanía Eypórsdóttir, Flúðum

Svavar Jón Bjarnason, Reykholti

Verkefni starfsstjórnar fram að aðalfundi eru nokkur en helst má þar nefna:

- Nafn á nýtt félag.
- Semja og leggja fram lög fyrir nýtt félag
- Ákveða hvaða nefndir eiga að vera starfandi og finna áhugasamt fólk í þær.

Ganga frá aðild nýja félagsins að Landsambandi Hestamannafélaga, Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands og Héraðssambandið Skarphéðinn.

Eins og áður kom fram þarf að finna nafn á nýja félagið. Í sameiningarviðræðum félaganna var ákveðið að nöfn gömlu félaganna þriggja koma **ekki** til greina sem nafn sameinaðs félags. Ákveðið hefur verið að efna til nafnasamkeppni og óskar starfsstjórnin eftir tillögum að nýju nafni frá félagsmönnum hestamannafélaganna og öðrum íbúum á svæðinu. Frestur til að skila inn tillögu að nafni er til **20. desember 2021**. Starfsstjórnin mun velja fimm nöfn úr innsendum nafnatillögum og verður síðan nafnakosning á aðalfundi sameinaðs félags í janúar 2022. Kosningin verður í tveimur umferðum. Í fyrri umferð verður kosning um öll nöfnin fimm sem tilnefnd verða en í seinni umferð verður kosið um þau tvö nöfn sem flest atkvæði hlutu í fyrri umferð kosninganna. Fyrir seinni umferð kosninga verður ekki gefin upp atkvæðafjöldi nafna úr fyrri umferð.

Við óskum eftir þinni þátttöku í vali á nafni nýs Hestamannafélags og skal tillögum skilað á tölvupóstfangið starfsstjorn@gmail.com ekki seinna en 20. desember.

Sameinaða félagið hefur nú þegar haldið tvo viðburði sem voru báðir gríðarlega vel sóttir. Farið var í félagsreiðtúr í sumar, riðið var um Þingvelli undir leiðsögn Einars Á. Sæmundssen þjóðgarðsvarðar. Á haustmánuðum hélt svo félagið vinnusýningu með Benedikt Línadal tamningameistara. Fleiri viðburðir eru á döfnni og má þar fyrst nefna skemmtikvöld sem haldið verður þann 12. nóvember í Aratungu og hefst kl. 20.

Fjölbreytt dagskrá verður, meðal annars “pubquiz” með veglegum verðlaunum fyrir vinningslið kvöldsins.

Dagskráin verður nánar kynnt þegar nær dregur.

Einstaka nefndir hafa nú þegar tekið til starfa og hefur æskulýðsnefnd þegar komið saman og hafið skipulagningu æskulýðsstarfsins. Aðrar nefndir munu taka til starfa núna á haustmánuðum og í vetur.

Það er von og ósk starfsnefndar að sem mest þátttaka fáiist í starf og undirbúning fyrir aðalfund nýs félags. Það er mikill hugur og væntingar í félagsmönnum fyrir nýju hestamannafélagi og sameinaður þróttur gömlu félagana ætti að gefa enn frekari tækifæri til að halda úti öflugum félagsstarfi nýs hestamannafélags.

Með bestu kveðjum,

Starfsstjórn Hestamannafélags Uppsveita

Fréttatilkynning

Söngsveitin Tvennir tímar, er blandaður kór eldra fólks í uppsveitum Árnassýslu. Söngstjóri er Stefán Þorleifsson, Stefán er listamaður og gleðigjafi og yngir okkur upp sem tökum þátt. Æfingar eru einu sinni í viku, á miðvikudögum kl.13.00-14.30 í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Við í Tvennum tímum viljum hvetja alla sem hafa yndi af söng að koma með og taka þátt í góðum félagsskap.



Frekari upplýsingar hjá Magnúsi Sig. sími 8623674 eða öðrum kórfélögum.

Stjórnin.

Aðalsafnaðarfundur Mosfellssóknar

verður haldinn í Stóru Borgarkirkju þriðjudagskvöldið
9. nóvember 2021 klukkan 20:00.

Auk venjulegra aðalfundastarfa þarf að kjósa 3 fulltrúa í
kjörnefnd vegna tilvonandi prestskosninga, auk varamann í
sóknarnefnd.
Kaffiveitingar.

Sóknarnefnd Mosfellssóknar.

Sauðfjárræktarfélagið Barmur

Aðalfundir árunna 2019 og 2020 verða haldnir í

Félagsheimilinu Borg

Þriðjudaginn 16. nóvember kl. 19:30

Venjuleg aðalfundarstörf.

Minum á að félagsgjöldin verða innheimt á fundinum.

Stjórnin



Aðalfundur Búnaðarfélags Grímsneshrepps

verður haldinn í Félagsheimilinu Borg

Þriðjudaginn 30. nóvember kl. 20:00

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kaffiveitingar.
3. Önnur mál.

Stjórnin



Ungmennafélagið Hvöt			
Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
13:30-14:30			Körfubolti yngri - Floríjan
14:15-15:15	Fótbolti eldri - Heiðar Óli		Körfubolti eldri - Floríjan
14:30-15:30			
15:15-16:15	Fótbolti yngri - Heiðar Óli		
15:30-16:30			Krakkablað - Gása
16:30-17:30			Blak - fullorðnir - Gása
19:30-21:00	Körfubolti - fullorðnir	Fótbolti - fullorðnir	Körfubolti - fullorðnir



Ungmennafélagið Hvöt



Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi
netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is